

KKÍ þjálfaranámskeið 2.b – fjarnám

Verður haldið 1. janúar til 30. apríl

Allt 2.b námi er tekið í fjarnámi og er alls 40 kennslustundir. KKÍ þjálfari 2.b er skipt upp í fjóra hluta. Vettvangsnám (12 kennslustundir). Heimsókn til þjálfara þar sem fylgst er með æfingum hjá tveimur reynslu miklum þjálfurum í meistaraflokki. Vinna verkefni með samanburð á aðferðum þjálfara (12 kennslustundir). Þjálfarafyrirlestur á netinu þar sem unnið er verkefni uppúr fyrirlestri (8 kennslustundir). Leikgreining er fjórða verkefnið þar sem þjálfari horfir á leik og greinir helstu atriði (6 kennslustundir). Þjálfarar þurfa að hafa lokið öll verkefni í 2.b á því keppnistímabil sem námið er tekið.

Vettvangsnám

Í vettvangsnámi (þjálfaraskóli) fær þjálfari leiðsögn frá KKÍ þjálfara 3 í raunverulegum aðstæðum. Leiðbeinandi skipaður af fræðslustjóra heimsækir þjálfara á æfingar í sínu félagi. Miðað er við að leiðbeinandi fylgist með 2-3 æfingum þar sem þjálfari er að þjálf sinn flokk og eftir æfingu fær þjálfari endurgjöf frá leiðbeinanda sínum. Hægt er að taka þjálfaraskóla KKÍ þegar þjálfara KKÍ 1 er lokið, möguleiki er að taka skólann hvenær sem er á meðan á tímabili stendur og þjálfari er með skipulagðar æfingar. Þjálfaraskóli KKÍ gildir sem 12 kennslustundir í þjálfara 2.b og má einnig nota sem hluta af endurmenntun. Fræðslustjóri þarf að samþykkja leiðbeinanda sem þarf að vera með þjálfara KKÍ 3 og a.m.k 5 ára starfsreynslu sem þjálfari. Þjálfaraskóli KKÍ gildir sem 20% af lokaeinkunn KKÍ þjálfara 2.

Markmið

- Að þjálfarar fái leiðsögn í raunverulegum kringumstæðum
- Auka sjálfstæð vinnubrögð þjálfara

Verkefnalýsing

- Þjálfari þjálfar sitt lið og fær tilsögn frá reyndum þjálfara
- Skila þarf tímaseðlum af öllum æfingum
- Leiðbeinandi skilar inn umsögn um þjálfara

Heimsókn til þjálfara

Verkefnið felur í sér að farið er á eina til tvær æfingar hjá tveimur reynslumiklum þjálfurum sem þjálfar meistaraflokkslið eða landslið. Unnið er verkefni út frá heimsóknunum, þar sem uppsetning æfinga er skoðuð og ólíkir þjálfaraðferðir bornar saman. Verkefnið gildir 15% af lokaeinkunn fyrir þjálfara 2.

Markmið

- Kynna möguleika á sjálfsmenntun á netinu eða með DVD myndböndum
- Auka sjálfstæð vinnubrögð þjálfara

Leikgreining

Í þessu verkefni er verið að fá þjálfara til að horfa á leiki frekar með gleraugum þjálfarans í stað áhorfandans. Þjálfari greinir helstu einkenni liðs, finnur út helstu veikleika og styrkleika. Verkefnið gildir sem 10% af lokaekinnun KKÍ.

Markmið

- Æfa þjálfara í að horfa á leiki sem þjálfari frekar en áhorfandi.
- Finna veikleika og styrkleika.
- Auka sjálfstæð vinnubrögð þjálfara.

Rétt til þátttöku á 2.b stigi hafa allir sem lokið hafa KKÍ 1, ÍSÍ 1 og náð 18 ára aldri.

Allir þeir þjálfarar sem ekki hafa tekið dómarapróf þurfa að taka KKÍ 1.b til að ljúka sérgreinahluta KKÍ.